

og skal þá greiða holræsagjald samkv. samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna holræsagjöld af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Tengigjald skal greiða kr. 5 000.00 fyrir hvert hús, sem er tengt holræsakerfi þorpsins. Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1455 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkunar samkvæmt þessari málsgrein mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimtast sameiginlega.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Njarðvíkurhreppi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Njarðvíkurhreppi eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs Njarðvíkurhrepps.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati húsa og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 750.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald samkvæmt samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjöld af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1455 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni, þó ekki meira en 50% til hækkunar eða lækkunar.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og

mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 81 8. mars 1973, fyrir Vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0,40% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 000.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatni er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- Vatnsnot í steypu til iðnaðar kr. 20.00 fyrir 100 kg af sementsnotkun.
- Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 10 000.00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 4.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 20.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum.
Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- Fyrir vatnsnotkun við síldarbræðslu skal greiða kr. 50.00 fyrir hvert landað síldartonn og kr. 40.00 fyrir hvert landað tonn af öðrum afla.
- Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 50.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
- Greiðsla fyrir vatn til skipa og báta í Raufarhafnarhöfn skal vera kr. 60.00 fyrir hvern rúmmetra, Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 500.00 og annarra skipa kr. 1 000.00, þó skulu fiskiskip, sem gerð eru út frá Raufarhöfn, ekki greiða fyrir vatn.
- Greiðsla fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.